

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Hlutverk og skipan

Hlutverk ráðsins er að:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsriðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni framþróun.

Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Ráðið skal skipað níu fulltrúum samkvæmt tilnefningum landhlutasamtaka sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Ráðið velur sér formann. Ráðið getur einnig valið sér varaformann eftir því sem þörf er á.

Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Gert er ráð fyrir að þeir muni njóta stuðnings frá starfsmanni sveitarfélags í viðkomandi landshluta sem er með góða þekkingu á stafrænum málum. Starfsmaðurinn starfi með faghópi sem mun veita stafræna ráðinu faglegan stuðning, sbr. hér að neðan. Fulltrúar landshlutasamtaka skulu miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til sambandsins og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni. Sé eftir því leitað aðstoða þeir einnig við að finna þátttakendur innan sveitarfélaga í stafræn verkefni og við að fylgja á eftir stafrænum samstarfsverkefnum í landshlutunum.

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsriðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsriðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.

Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun

Nýskipað stafrænt ráð október 2022

Sævar Freyr Práinsson, SSV

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, SASS

Ásthildur Sturludóttir, SSNE

Kjartan Már Kjartansson, SSS

Álfhildur Leifsdóttir, SSNV

Jón Páll Hreinsson, FV

Jónína Brynjólfsdóttir, SASS

Aldís Stefánsdóttir, SSH

Óskar J. Sandholt, fulltrúi Reykjavíkur

Leiðtogi stafræns umbreytingateymis Sambands Íslenskra sveitarfélaga vinnur með ráðinu.

Fjóla María Ágústsdóttir